

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 781/2005**2008/EES/38/22**

frá 24. maí 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópubandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽²⁾ var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari.
- 3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 10, 23.2.2006, bls. 23..

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 68/2004 (Stjtuð. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14).

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
